# V. VIÐAUKI MARPOL

**Yfirlit yfir reglur um losun sorps frá skipum samkvæmt V. viðauka MAPORL sáttmálans frá 2013 (ályktun MEPC.201(62)), Pólkóðans og íslenskum lögum (reglugerð 586/2017 um innleiðingu viðauka MARPOL sáttmálans)**

INTERNATIONAL MARITIME ORGANIZATION

| Sorpflokkur[1] | Öll skip að fljótandi pöllum undanskildum[5] | | Skip innan 500 metra frá fljótandi pöllum sem starfræktir eru utan 12 sjómílna frá landi og losun frá slíkum pöllum[5] 5. reglugerð Viðauka V |
|---|---|---|---|
| | **Utan sérhafsvæða[3]** 4. reglugerð Viðauka V. (fjarlægðir frá næsta landi) | **Innan sérhafsvæða[3]** 6. reglugerð Viðauka V. (fjarlægðir frá næsta landi eða næsta hafísfleka) | |
| **Matarleifar** muldar eða tættar[2] | **Losun heimil[4]** ≥ 3 sjómílna, á siglingaleið og eins fjarri landi og mögulegt er | **Losun heimil[4]** ≥12 sjómílna, á siglingaleið og eins fjarri landi/ hafísfleka og mögulegt er | **Losun heimil** |
| **Matarleifar** hvorki muldar né tættar | **Losun heimil** ≥ 12 sjómílna, á siglingaleið og eins fjarri landi og mögulegt er | **Losun óheimil** | **Losun óheimil** |
| **Farmleifar[6,7]** sem eru hluti af skolvatni | **Losun heimil** ≥ 12 sjómílna, á siglingaleið og eins fjarri landi og mögulegt er | **Losun óheimil** | **Losun óheimil** |
| **Farmleifar[6,7]** sem ekki eru hluti af skolvatni | **Losun heimil** ≥ 12 sjómílna, á siglingaleið og eins fjarri landi og mögulegt er | **Losun óheimil** | **Losun óheimil** |
| **Hreinsi- og aukaefni[7]** sem eru hluti af skolvatni úr lest | **Losun heimil** | **Losun heimil** ≥12 sjómílna, á siglingarleið og eins fjarri landi/hafísfleka og mögulegt er (ath. skilyrði í reglugerð 6.1.2 í viðauka V) | **Losun óheimil** |
| **Hreinsi- og aukaefni[7]** sem ekki eru hluti af skolvatni af þilfari og öðrum utanáliggjandi flötum skips[7] | **Losun heimil** | **Losun heimil** | **Losun óheimil** |
| **Dýrahræ** ættu að vera klofin eða annars meðhöndluð fyrir förgun í sjó | **Losun heimil** >100 sjómílna, á siglingaleið og eins fjarri landi og mögulegt er. Losa skal í mesta mögulega dýpi | **Losun óheimil** | **Losun óheimil** |
| **Allt annað sorp /** þ.á.m. plast, gerviefni, veiðarfæri, plastpokar, brennsluaska, matarolía, skorðunar-og klæðningartré, pappírsafurðir, tuskur, gler, málmar, flöskur, postulín, stoðefni, pakkningar og umbúðir | **Losun óheimil** | **Losun óheimil** | **Losun óheimil** |

***Athugasemdir við töflu***

1. Þegar sorpi er blandað saman við mengandi eða skaðleg efni sem óheimilt er að losa eða lúta öðrum kröfum varðandi losun, þá skal fylgja þeim kröfum sem strangari eru.
2. Muldar eða tættar matarleifar þurfa að komast í gegnum 25mm sigtisop.
3. Eftirfarandi sérhafsvæði eru skilgreind undir V. Viðauka; Rauðahafið, Svartahafið, Persaflói, Norðursjór, hafsvæði Suðurskautslandsins, Miðjarðarhaf, Eystrasalt og Karabíska hafið.
4. Losun á fuglaafurðum sem geta borist um borð á Suðurheimskautasvæðinu er óheimil nema að búið sé að brenna þær, gufusjóða í autóklave eða þær dauðhreinsaðar með öðrum hætti.
5. Úthafspallar sem eru staðsettir 12 sjómílur frá næsta landi og skip þeim tengd. Átt er við alla botnfasta og fljótandi palla sem stunda rannsóknir eða nýtingu á sjávarbotni eða vinnslu í tengslum við það, og öll skip í grennd við eða innan við 500 metra frá pöllunum.
6. Með farmleifum er eingöngu átt við þær farmleifar sem ekki er hægt að afferma með hefðbundnum hætti.
7. Þessi efni mega ekki vera skaðleg umhverfi sjávar.

KLAPPIR

Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi